TILMÆLI UM NOTKUN GERVIGREINDAR

Tilmæli BÍL um notkun gervigreindar

Gervigreind er gagnlegt verkfæri sem verður æ fyrirferðarmeira á flestum sviðum mannlegrar tilveru. Aukin notkun hennar má þó ekki verða á kostnað listamanna og höfunda. Bandalag íslenskra listamanna (BÍL) hefur því tekið saman tilmæli um ábyrga notkun gervigreindar til að tryggja að höfundaréttur listamanna sé virtur og mannleg listsköpun njóti verndar. Tilmælunum er beint til allra sem nota gervigreind, en einkum til ráðuneyta og annarra stjórnvalda, félagasamtaka, fyrirtækja og fagaðila.

Virðum og verndum höfundaréttinn



Höfundaréttur er grundvöllur allrar listrænnar og skapandi vinnu. Hann er stjórnarskrárvarinn réttur sem ávallt skal virða og vernda, einnig við notkun gervigreindar. Það er ólöglegt að nýta höfundaréttarvarið verk eða flutning án leyfis rétthafa eða viðeigandi undanþágu í höfundalögum, og brjóta þannig á höfundarrétti hans.

Þróun og notkun spunagreindar vekur ýmsar áleitnar spurningar um höfundarétt. Hvernig hefur viðkomandi gervigreindarlíkan verið þróað? Hvernig er unnið úr þeim gögnum sem notandi færir inn í það? Hvaða rétt eiga notandinn og framleiðandi gervigreindarlíkansins á því efni sem framleitt er? Er það varið af höfundarétti? Hver ber ábyrgð á því að efnið sem gervigreindin framleiðir gangi ekki á höfundarétt annarra?

Þessar spurningar krefjast þekkingar og skilnings á gildandi höfundalögum og skýrra reglna um notkun gervigreindar, til að koma í veg fyrir höfundaréttarbrot. Fyrirtæki og stofnanir sem nýta spunagreind ættu að setja sér vinnureglur og ákveðna ferla til að tryggja að efni sé ekki framleitt af gervigreind sem hefur verið þjálfuð með óleyfilegri notkun á höfundaréttarvörðum verkum eða flutningi.

Notum ekki gervigreindar-verkfæri sem þrengja að höfundarétti



Flest gervigreindarlíkön hafa verið þjálfuð með geysilegu magni gagna, og alvanalegt er að höfundaréttarvarin verk og flutningur séu á meðal þjálfunargagnanna. Slík þjálfun felur í sér brot á höfundarétti nema viðkomandi rétthafar hafi veitt formlegt leyfi til slíkrar notkunar, til dæmis með notkunarleyfum, eða fyrir liggi að þjálfun líkansins feli ekki í sér skerðingu á höfundarétti.

Umdeilt er hvort þjálfun spunagreindarlíkana sé heimil án leyfis höfundaréttarhafa. Evrópsk löggjöf um undanþágu frá einkarétti höfunda vegna texta- og gagnanáms gæti tekið til slíkrar þjálfunar.

Um það atriði og mörg önnur sem varða höfundarétt og gervigreind eru mörg dómsmál í gangi hjá nágrannaþjóðum okkar. Þó er ljóst að slík þjálfun er óheimil í tilvikum þar sem rétthafar hafa sett fyrirvara um notkun og þegar engin notkunarleyfi liggja til grundvallar. Mörg réttarhafasamtök hafa þegar sett fram slíka fyrirvara.

BÍL telur að ýmis önnur gervigreindarþjálfun, sem farið hefur fram með notkun efnis eftir starfandi listamenn, sé í mörgum tilvikum óheimil, eða a.m.k. í ósamræmi við lög.

Hafi gervigreindarlíkan verið þjálfað með efni án leyfis höfundaréttarhafa getur notkun þess falið í sér brot á höfundarétti, hvort sem efnið sem framleitt er felur í sér nákvæmt afrit af vernduðu efni eða ekki.

Þá er mikil hætta á að spunagreind sem nýtir þjálfunarefni sem uppsprettu hugmynda framleiði efni sem brýtur í bága við höfundarétt. Því ber ávallt að gera áhættumat á höfundaréttarbrotum þegar spunagreind er notuð til að framleiða efni.

Miðað við réttaróvissu um lögmæti þeirra aðferða sem notaðar hafa verið við þjálfun gervigreindarlíkana þá er mögulegt að mörg þeirra hafi verið þjálfuð í trássi við höfundalög. Því ber að fara mjög varlega við notkun efnis þeirra, sérstaklega ef það snertir efni sem gæti verið höfundaréttarvarið.

Ef spurningar vakna um notkun á efni sem gervigreindarlíkan lætur frá sér er rétt að biðja um leyfi frá höfundaréttarhafa slíks efnis.

Höfundaréttarsamtök geta oft veitt leiðbeiningar um hvort not með aðstoð gervigreindar feli í sér höfundaréttarbrot.



Athugum að efni sem framleitt er af gervigreind er ekki verndað af höfundarétti



Höfundaréttur getur aðeins orðið til þegar manneskja skapar eða flytur verk. Því nýtur efni sem *aðeins* er framleitt af gervigreindarlíkani ekki höfundaréttar, og hver sem er má nota texta, myndir, tónverk, kvikmyndir, teiknimyndir og annað efni sem framleitt er af gervigreind án endurgjalds.

Efni framleitt *með aðstoð* gervigreindar, þar sem gervigreind hefur einungis verið nýtt sem verkfæri í þróunarferlinu, getur hins vegar talist nægilega manngert til að sú manneskja sem notaði hana til að framleiða efnið teljist höfundur þess.

Gefum skýrt til kynna hvort efnið er framleitt af gervigreind



Eitt af grundvallaratriðum opins upplýsinga-samfélags og raunverulegs lýðræðis er að almenningur viti hver stendur að baki því efni sem birt er.

Upplýsingaóreiða og dreifing falsfrétta eru meðal alvarlegustu áskorana samtímans. Mikilvæg leið til að stemma stigu við því er að vita hvort það efni sem dreift er sé framleitt af gervigreind. Að þessu leyti gerir notkun spunagreindar ríkar kröfur um gagnsæi og að heimilda sé getið.

Fagaðilar ættu því að setja sér skýrar reglur um það hvenær og hvernig þeir greina frá því að efni sem þeir birta hafi verið framleitt af gervigreind, og gefa skýrt til kynna hvort það eigi við um innihald efnisins. Það má t.d. tilgreina í texta þegar efnið er birt, með merkingu á grunngögnum í skjölunum, eða með svokölluðum vatnsmerkjum, sem geta aðgreint efni framleitt með gervigreind.

Í reglum Evrópusambandsins um gervigreind er kveðið á um gagnsæisskyldu veitenda og umsjónaraðila gervigreindarkerfa.

Setjum ekki eigið nafn við efni framleitt af gervigreind

05

Samkvæmt ákvæðum höfundalaga á höfundur verks eða flutnings rétt á að nafns hans sé getið í því samhengi. Þess vegna er villandi að setja nafn sitt við mynd, texta, tónverk, kvikmynd eða teiknimynd sem er algerlega framleidd af gervigreind, þar eð viðkomandi hefur ekki skapað verkið í lagalegum skilningi, hafi allar ákvarðanir varðandi sköpunina verið teknar af vél.

Að látast vera höfundur efnis sem gervigreind hefur framleitt gefur ekki einvörðungu ranga mynd af sköpunarferlinu, heldur getur það einnig skekkt samkeppni á menningar- og fjölmiðlamarkaði, og skaðað kjör starfandi höfunda og listamanna.

Mötum ekki gervigreindar-forrit á efni eftir aðra



Það er óleyfilegt að mata gervigreindarlíkan á efni sem notandinn er ekki höfundur að og hefur ekki leyfi til að nota. Séu skipanir gefnar með því að mata spunagreind með höfundaréttarvörðu efni annarra, er brotið á höfundarétti þeirra, þar sem efnið er þar með orðið hluti af gervigreindarlíkaninu. Því verður að velja af kostgæfni það efni sem gervigreindarlíkanið er matað á.

Mörg stór fyrirtæki á sviði gervigreindar áskilja sér rétt í notendaskilmálum til að nýta allt efni sem líkönin eru mötuð á, nokkurn veginn eftir geðþótta, jafnvel þótt notandinn sé sjálfur höfundur efnisins.

Sé notandinn óviss um höfundaréttarlega stöðu efnis er mælt með því að hlaða engu inn án þess að vera viss um að leyfi liggi fyrir til þess. Það á einnig við um efni sem er aðgengilegt á netinu, þar sem vera kann að það hafi ratað þangað án leyfis.

Efnið getur líka innihaldið persónuupplýsingar og aðrar viðkvæmar upplýsingar, sem geta varðað við önnur lög en höfundaréttarlög, sé það sótt.

Framleiðum ekki efni í persónulegum og einstökum stíl annarra



Með gervigreind er mögulegt að framleiða efni sem getur líkst höfundaréttarvörðum verkum og flutningi annarra. Höfundar og listamenn hafa iðulega varið ómældum tíma, orku, menntun og fé til að hasla sér völl við sköpun sína og þróa einstakan stíl eða aðferð sem eykur gildi verka þeirra.

Eins og er nýtur hvorki stíll né aðferð verndar í höfundaréttarlögum. Það getur komið illa niður á listamönnum, þar sem spunagreind getur gert hverjum sem er kleift að nýta sér stíl þeirra og aðferð. Listrænn stíll og aðferð njóta þó í sumum tilfellum verndar í krafti annarra lagagreina.

Óháð lögum ber notendum skylda til að forðast að nýta starf og sköpun annarra sér til framdráttar með því að framleiða efni í persónulegum stíl þeirra.

Hægt er að framleiða efni sem líkir ekki bara eftir stíl og aðferð tiltekins höfundar eða flytjanda, heldur beinlínis höfundaréttarvörðum verkum eða flutningi hans. Það gæti varðað við ákvæði um óheimila eftirgerð í höfundalögum. Gætið því vel að því hvort efnið sem framleitt hefur verið með gervigreind líkist höfundaréttarvörðu efni.

Skiptum ekki út vinnu starfandi höfunda og lista-manna fyrir spunagreind



Öruggast og ábyrgast er að ráða starfandi höfund eða listamann til að búa til efnið sem óskað er eftir.

Sé vinnu starfandi höfunda og listamanna skipt út fyrir spunagreind leiðir það til fækkunar verkefna og lakari kjara í listum og skapandi greinum. Til lengri tíma litið dregur það úr gæðum og fjölbreytni innan menningarlífs og skapandi greina.

Einungis ætti að nýta spunagreind til að búa til innihald sem að öðru jöfnu hefði ekki krafist vinnu skapandi höfundar eða listamanns.

Með því að vernda mannlega sköpun tryggjum við lífvænlegt menningarlíf öllum til handa í framtíðinni.

Að lokum

Æ fleiri opinberar stofnanir, fyrirtæki og félög nýta sér spunagreind í starfsemi sinni. Það á ekki síst við um miðlun texta, mynda, tónverka og kvikmynda. Ákveðnar gerðir af listrænu og skapandi efni sem áður var pantað og unnið af starfandi höfundum og listamönnum er nú hægt að framleiða innan viðkomandi stofnana með aðstoð spunagreindar.

Spunagreind hefur verið þjálfuð og þróuð með miklu gagnamagni í formi höfundaréttarvarinna verka og flutnings, til að geta gert það sem henni er ætlað að gera. Þessi þjálfun hefur þó í mörgum tilfellum farið fram án leyfis eða endurgjalds til viðkomandi höfunda, listamanna og annarra höfundarétthafa.

Spunagreind vekur því spurningar um rétt á verkum og flutningi, hættu á brotum á höfundarétti og meðferð þeirra gagna sem hlaðið er upp.

Tilgangur tilmælanna

Tilmælum BÍL er ætlað að skapa jafnvægi milli tækniþróunar og nýsköpunar annars vegar og virðingar fyrir höfundarétti og forsendum mannlegrar sköpunar hins vegar. Tilgangurinn er að aðstoða opinberar stofnanir, fyrirtæki og samtök við að nýta spunagreind með ábyrgum hætti þegar þessir aðilar birta texta, myndir, tónverk, kvikmyndir, teiknimyndir, eða annað efni sem varið er af höfundarétti.

Fagleg og ábyrg notkun gervigreindar í samræmi við tilmæli okkar eflir sjálfbærni, fjölbreytni og gæði á menningarsviðinu. Hún skapar forsendur fyrir sanngjörnum kjörum og þóknun fyrir starfandi höfunda og listamenn og fyrir því að ný list og menning verði til og þróist.

Fáein orð um höfundaréttinn

Höfundaréttur er eignarréttur varinn af stjórnarskrá, höfundalögum og alþjóðasamningum. Hann er einnig varinn í yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi. Honum er ætlað að stuðla að hvers konar listrænu og skapandi starfi manneskjunnar.

Höfundaréttur felur í sér að sá sem býr til listrænt eða bókmenntalegt verk eða flytur slík verk á einkarétt á að ráða því hvernig verkið er notað, svo sem við eintakagerð eða opinbera birtingu.

Í höfundarétti felast bæði fjárhagsleg og ófjárhagsleg réttindi. Fjárhagslegi rétturinn felur í sér að höfundur eða höfundaréttarhafi getur ein eða einn heimilað eða bannað not á verkum sínum.

Sama gildir um réttindi listflytjenda og framleiðenda hljóð- og myndrita.

Hin ófjárhaglegu réttindi sem almennt nefnist sæmdarréttur felast í rétti höfundar til að nafn hans eða hennar sé birt á eintökum verks og rétt hans eða hennar til að njóta verndar gegn því að verki hans eða hennar sé breytt eða notað á þann átt sem gæti skert höfundarheiður eða höfundarsérkenni.

Höfundarétturinn er forsenda þess að starfandi höfundar og listamenn eigi möguleika á að fá greitt fyrir vinnu sína og fyrir jafnvægi í vistkerfi menningarinnar.

Þar sem höfundarétturinn skapar lagagrundvöll fyrir endurgjaldi geta höfundar og listamenn haldið áfram að starfa og leggja sitt af mörkum við að búa til ríkulegt menningarlíf sem aðrir geta notið.

Því er mikilvægt fyrir samfélagið að rétturinn sé virtur, einnig á sviði nýrrar tækni.



Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið



Bandalag íslenskra listamanna
Federation of Icelandic artists